

Efni fundar: Sjá fyrirbyggjandi dagskrá

Kópavogi, 1. júní 2023

Tilvísun:

Fundarmenn: Birgir Urbancic Ásgeirsson, Guðjón Hreinn Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Helga Kristín Kolbeins, Ingimar Ólafsson Waage, Jónína Hauksdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Kristín Jónsdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir.

Fjarverandi: Ragnar F. Ólafsson

Fundarritari: Birgir U. Ásgeirsson og Sonja Dögg Pálsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
2. Fundartímar starfsársins 2023-2024 – tillaga lögð fram
3. Heimsókn frá Ken Muir, fyrrum formanni skoska kennararáðsins GTC (gtcs.org.uk) og alþjóðasamtaka kennararáða, IFTRA
4. Starfsþróun – tillaga um faghóp kennararáðs um starfsþróun
5. Kynningar á reglugerðinni – endurgjöf frá nýafstöðnum kynningum og næstu kynningar
6. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
Formaður opnaði fund, bauð fundarþátttakendur velkomna og fór yfir efni fundarins.
Engar athugasemdir gerðar við dagskrá og fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Fundartímar starfsársins 2023-2024
Formaður lagði fram tillögu að fundartímum 2023-2024. Breytingar urðu á tillögunni á fundinum.
Samþykkt að funda þriðja fimmtudags hvers mánaðar frá og með ágúst 2023 til og með maí 2024.
Formaður sér til þess að fundarboð með Teams-hlekk verði sent út á ráðsmeðlimi.
3. Heimsókn frá Ken Muir, fyrrum formanni skoska kennararáðsins GTC (gtcs.org.uk) og alþjóðasamtaka kennararáða, IFTRA

Ken sagði frá skoska kennararáðinu, hvernig hæfniramminn í Skotlandi er nýttur og varpaði fram vangaveltum um áframhaldið til íslenska kennararáðsins.
4. Starfsþróun

Tillaga frá fulltrúa KÍ að hafa þrjá meðlimi í faghópi um starfsþróun frá Skólamálaráði KÍ í stað tveggja.
Tillagan samþykkt.

5. Íslenskuhæfni – dagskrárlið frestað
6. Kynningar á reglugerðinni – dagskrárlið frestað
7. Önnur mál – dagskrárlið frestað

Næsti fundur:

Fimmtudagur 22. júní 2023 kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: BÁ/SDP